



# Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa

12. maí 2021





# Skýrsla stjórnar Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 12. maí 2021

Dagskrá aðalfundar skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndarstörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar, upplýsingar- og kynningarnefndar og fagráða
8. Önnur mál

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa 2020 var rafrænn en stjórn FNS var stödd í Framvegis meðan á fundi stóð. Fundarstjóri var Klara Guðbrandsdóttir og fundarritari Svanhildur Svavarsdóttir. Um var að ræða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt ofangreindri dagskrá auk þess sem fráfarandi meðlimum nefnda voru færðar þakkir. Á fundinum var nefnd um norrænt samstarf lögð niður, en hún var skipuð tímabundið meðan FNS fór með formennsku í norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa (NSFY). Auk þess var samþykkt að kjósa um nýjar siðareglur á aðalfundi félagsins að ári liðnu.

Talsverð endurnýjun var í stjórn félagsins, Helga Lind Hjartardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Margrét Björk Arnardóttir og Svanhildur Svavarsdóttir gengu úr stjórninni og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir þeirra störf. Í þeirra stað voru kosnar í stjórn Hildur Björk Möller Melaskóla, Greta Jessen Langholtsskóla, Hrönn Grímsdóttir Austurbrú og Helga Valtýsdóttir Flensborgarskóla.

Nefndir og ráð FNS starfsárið 2020-2021 voru skipuð eftirfarandi félagsmönnum og fá þeir kærar þakkir fyrir þeirra störf:

- Fræðslunefnd: Heiða Kristín Línal Harðardóttir Virk, Sunna Gunnarsdóttir FS, Þuríður Lilja Rósenbergdóttir Oddeyrarskóla og Helga Tryggvadóttir fulltrúi stjórnar.
- Fagráð grunnskóla: Sóley Rós Guðmundsdóttir Rimaskóla, Henny Sigurjónsdóttir Austurbæjarskóla, Systa Sigurðardóttir Varmárskóla, fulltrúi stjórnar.



- Fagráð framhaldsskóla: Kristín Birna Jónasdóttir Borgarholtsskóla, Fríður Reynisdóttir MH og Helga Valtýsdóttir Flensborg, fulltrúi stjórnar.
- Fagráð Háskóla: Hildur Katrín Rafnsdóttir HR.
- Fagráð atvinnulífs: Guðbjörg Gerður Gylfadóttir og Helga Lind Hjartardóttir Mími, Hrönn Grímsdóttir Austurbrú, fulltrúi stjórnar.
- Kjararáð grunnskóla: Hildur Ingólfssdóttir Dalskóla, Sigrún Garcia Thorarensen Rimaskóla, Hildur Björg Vilhjálmsdóttir Stapaskóla.
- Kjararáð framhaldsskóla: Kristín Birna Jónasdóttir Borgarholtsskóla, Ásdís Birgisdóttir MH
- Kjararáð atvinnulífs: Arndís Harpa Einarsdóttir MSS.
- Siðanefnd: Hildur Ingólfssdóttir Dalskóla, Hrönn Grímsdóttir Austurbrú, Lýdía Sigurðardóttir NSHÍ og Klara Guðbrandsdóttir FSU sem fulltrúi stjórnar.
- Upplýsinga- og kynningarnefnd: Nanna Imsland ME, Birna Aðalheiður Árdal Vallaskóla, Sýsta Sigurðardóttir fulltrúi stjórnar.
- Uppstillingarnefnd (tók til starfa fyrir aðalfund 2021): Raket Ósk Reynisdóttir HÍ, Lýdía Sigurðardóttir NSHÍ og Ásdís Birgisdóttir MH.

Auk hefðbundinna verkefna nefnda og ráða sem kveðið er á um í lögum félagsins komu ýmis verkefni inn á borð nefndanna. Þannig voru kjararáð bæði grunn- og framhaldsskóla í samtali við Félag Grunnskólakennara og Félag Framhaldsskólakennara um kjaramál. Í greinargerðum nefnda og ráða í þessari skýrslu er að finna nánari útlistanir á starfsemi þeirra síðasta starfsárið.

Félagið er fólk, og starfsemin stendur og fellur með þátttöku sem flestra félagsmanna í nefndum, ráðum og starfshópum innan FNS. Með virkni og áhuga er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrist og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Það skiptir því miklu máli að takist að manna nefndir og ráð félagsins.

## 1. Starf stjórnar

Á fyrsta fundi stjórnar var skipað í hlutverk. Helga Tryggvadóttir er enn formaður og tengiliður í fræðslunefnd, Greta Jessen fulltrúi norræns samstarfs, Helga Valtýsdóttir ritari og tengiliður stjórnar í fag- og kjararáði framhaldsskóla, Hildur Björk Möller gjaldkeri, Hrönn Grímsdóttir tengiliður stjórnar í fagráði atvinnulífs, Klara Guðbrandsdóttir umsjón með félagatali og fulltrúi stjórnar í siðanefnd og Sýsta Sigurðardóttir vefstjóri og tengiliður stjórnar í fagráði grunnskóla og í upplýsinga- og kynningarnefnd.

Það sem var sérstakt við starfsemi stjórnar FNS síðasta starfsárið, og reyndar alla starfsemi í félaginu, var að hún var alfarið rafræn í ljósi samkomutakmarkana vegna COVID-19. Tæknin var



Því nýtt óspart og fóru fundir fram á Zoom. Á milli funda voru samskipti í lokuðum hópi á Facebook, Messenger og í tölvupósti. Stjórnin nýtir Google drive bæði í vinnu og sem skjalageymslu. Samskipti stjórnar við nefndir og ráð fara að mestu fram í tölvupósti og í Facebook hópum. Þar sem fulltrúi úr stjórn á sæti í flestum nefndum og ráðum verður aukin samfella í starfinu og samskipti verða greiðari. Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins.

Stjórnin hélt níu fundi á árinu og var sá fyrsti í júní 2020. Í ágúst boðaði stjórnin nefndir og ráð á fund þar sem farið var yfir hlutverk hvernar nefndar og ráðs auk laga FNS og tækifæri var til að leggja línurnar fyrir starfsárið framundan.

## Megin viðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári

Margvísleg málefni koma til umræðu á fundum stjórnar, sum eru til lykta leidd og afgreidd en önnur þarfnast lengri umræðu og fyrir kemur að langan tíma tekur að koma málum í farveg. Ekki vantar hugmyndir innan stjórnar og koma ábendingar um áhugaverð efni frá félagsmönnum og aðilum utan félagsins. Eins og gefur að skilja skarast verkefni stjórnar og nefnda og ráða oft á tíðum og í eftirfarandi upptalningu eru verkefni sem unnin hafa verið í því samstarfi:

- Dagur náms- og starfsráðgjafar
- Stefnumótun
- Kynningarefni
- Siðareglur FNS
- Umsóknir um styrki til FNS
- Þátttaka í norrænu samstarfi
- Félagatal og umsóknir um félagsaðild FNS
- Póstlisti FNS
- Samstarf við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf
- Samstarf við KÍ
- Athugasemdir í samráðsgátt stjórnvalda
- Umsagnir til allsherjar og menntamálanefndar Alþingis
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar og fagráða
- Kjaramál
- Starfslýsingar
- Samráðsfundir fagráða
- Forinnritun í framhaldsskóla
- Viðbrögð við fyrirspurnum frá félögum í FNS og ýmsum aðilum



## 2. Stefnumótun

Í langan tíma hefur félagið stuðlað að framgangi fagsins og ýtt undir stefnumótun. Verkefni síðustu missera hefur verið að koma að áherslum félagsins í menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030 og hafa félagsmenn verið hvattir til að taka þátt í þeirri vinnu á opnum fundum. Slíkur fundur var í nóvember 2020 þar sem unnið var að umsögn FNS vegna menntastefnu sem þá var í þinglegri meðferð allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis. Umsögn var send inn og komu fulltrúar stjórnar fyrir nefndina eftir áramót og fylgdu umsögninni eftir. Menntastefnan hefur nú verið samþykkt á Alþingi og má sjá að vinnan sem FNS lagði í athugasemdir og umsagnir í öllu ferlinu hefur skilað árangri þar sem náms- og starfsráðgjöf er eitt af því sem leggja á áherslu á undir einni af fimm stoðum stefnunnar, *Hæfni til framtíðar*.

Stjórnin skilaði inn umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis vegna þingsályktunartillögu um félagsráðgjöf í grunnskólum. FNS fagnaði tillögunni en lagði áherslu á að áður en bætt yrði í stoðkerfi skólanna þyrfti að uppfylla lögbundin ákvæði hvað varðar náms- og starfsráðgjöf. Þingsályktunartillagan hefur ekki verið afgreidd og fulltrúar FNS því ekki kallaðir fyrir nefndina til að fylgja umsögninni eftir.

## 3. Endurmenntun félagsmanna

Samkvæmt lögum FNS er eitt af meginhlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Mikilvægt er að hver og einn félagsmaður sé meðvitaður um þörf sína fyrir endurmenntun, að hann miðli þekkingu sinni og færni og stuðli þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan stéttarinnar.

Auk viðburða sem fræðslunefnd og fagráð hafa staðið fyrir hefur félögum FNS staðið til boða að sækja valin námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Félagsmönnum hefur jafnframt boðist afsláttur af öðrum námskeiðum stofnunarinnar.

### Dagur náms- og starfsráðgjafar

Eins og önnur starfsemi félagsins var Dagur náms- og starfsráðgjafar rafrænn og þó svo hinn opinberi dagur sé 20. október fór dagskrá fram 30. október.

Að þessu sinni var lögð áhersla á hópa í viðkvæmri stöðu og þá sérstaklega hinsegin samfélagið. Dagurinn var tvískiptur, fyrri hlutinn var opinur öllum þar sem Ronald G. Sultana var í beinni frá Möltu og flutti erindið *Career Guidance for those rendered vulnerable: a social justice perspective*. Næst á dagskrá var Adrian Hancock sem fjallaði um að vinna með LGBT+



skjólstæðinga. Eftir þessi tvö mikilvægu erindi var dagskrá eingöngu fyrir félagsmenn FNS, sem hófst á því að Adrian Hancock svaraði spurningum fundarmanna. Þar á eftir kynnti Klara Guðbrandsdóttir nýjar siðareglur sem bornar verða upp til samþykktar á aðalfundi 2021. Þá greindi Systa Sigurðardóttir frá fyrirkomulagi pantana og dreifingar á kynningarefni til félagsmanna.

Að þessu loknu átti Tóttla I. Sæmundsdóttir sviðið sem fulltrúi frá Samtökunum 78 og var hún með þrískipta fræðslu. Fyrst greindi hún frá niðurstöðum rannsóknar á líðan hinsegin ungmenna í skólum, þá um notkun hugtaka og að lokum fræðslu um transfólk og transhugtök. Að vanda var veitt viðurkenning fyrir vel unnin störf og að þessu sinni fengu allir félagsmenn senda viðurkenningu fyrir að bregðast við breyttum og krefjandi aðstæðum með opnu hugarfari, sveigjanleika og lausnamiðuðu hugarfari.

Dagur náms- og starfsráðgjafar var öðruvísi framkvæmd en við eigum að venjast. Stjórnin ræddi um að „henda“ dagskránni á netið. Við nánari athugun var það meira en að segja það og fengum við fagfólk með okkur sem sá um útsendingu og ýmiskonar tæknilegan undirbúning. Fagmaður úr fjölmiðlum, Felix Bergsson stýrði dagskránni. Útsendingin var frá Framvegis og auk tæknimanna, Tóttlu og Felix, voru nokkrir stjórnarmenn á staðnum og unnu við að taka við fyrirspurnum og koma þeim á framfæri við fyrirlesara. Þrátt fyrir nokkurn kostnað var ákveðið að rukka ekki þátttökugjald en ljóst er að ef framhald verður á beinum útsendingum sem þessum verður að mæta kostnaði með þátttökugjöldum þar sem markmiðið hefur alltaf verið að Dagurinn komi út á núlli. Þegar mest var voru um 180 manns að horfa á útsendinguna og höfðu tæknimenn á orði að þeir hefðu aldrei séð viðlíka úthald í langri útsendingu sem þessari þar sem áhorfstölur breyttust lítið eftir því sem leið á daginn.

Upptökur af deginum er að finna á heimasíðu FNS.

## Lífið er spuni, það er ekkert handrit!

Föstudaginn 16. apríl bauð fræðslunefnd upp á fræðsluerindi á Zoom þar sem Dóra Jóhannsdóttir spunaleikkona fjallaði um aðferðir og hugmyndir í spunavinnu og gríni sem allir geta nýtt sér í leik og starfi. Viðburðurinn var vel sóttur og erindið ákaflega áhugavert og gagnlegt.

## 4. Greinargerðir fagráða

Hlutverk fagráða er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á skólastigunum þremur, í fyrirtækjum og atvinnumiðlunum. Einnig er fagráðum



ætlað að vera samráðsvettvangur náms- og starfsráðgjafa.

## Fagráð grunnskóla

Fagráð grunnskóla var skipað þeim Sóleyju Rós Guðmundsdóttur, Henný Sigurjónsdóttur og Sigríði (Systu) Sigurðardóttur fyrir hönd stjórnar.

Um miðjan nóvember var haldinn ZOOM fundur með náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólum. Á fundinum var farið yfir hvernig gengið hefur í COVID-19 ástandi og hvernig staðan er hjá ráðgjöfum. Þar kom fram að nokkur munur er á verkefnum náms- og starfsráðgjafa í COVID-19. Sem dæmi má nefna að einhverjir ráðgjafar voru beðnir um að taka að sér kennslu meðan aðrir skipuleggja sinn vinnutíma sjálfir. Það barst í tal á fundinum að starfslýsing náms- og starfsráðgjafa sé ekki nógu skýr og þörf sé á að samræma hlutverk náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Fagráðið tók við þeim bolta en sökum anna fór sú vinna ekki af stað.

Nokkur umræða skapaðist einnig um kynningar á framhaldsskólum vegna COVID-19 og tók Systa vefstjóri FNS það að sér að safna þeim upplýsingum saman á einn stað (sjá [HÉR](#)).

Í lok apríl kom í ljós að Menntamálastofnun (MMS) ætlaði sér ekki að birta tölur úr forinnritun í framhaldsskóla. Greta, Helga og Systa funduðu með Rúnari og Arnari hjá MMS. Í kjölfar fundar var sent bréf til MMS og mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem þess var óskað að tölur yrðu birtar. Í kjölfarið boðaði mennta- og menningarmálaráðuneyti til fundar þar sem var ákveðið að birta náms- og starfsráðgjöfum tölurnar og efla frekar samráð við fagfólk innan skólanna.

Þá sendi fagráðið fyrir hönd félagsins umsögn í samráðsgátt stjórnvalda vegna tillögu að breytingu á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla. Þar kom m.a. fram að: „Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) harmar að draga eigi úr vali nemenda á unglingastigi vegna aukinnar áherslu á náttúrufræðikennslu eins og fram kemur í tillögu að breytingum á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla. FNS gerir ekki athugasemd við að efla náttúrufræðikennslu en gagnrýnir harðlega að það bitni á valgreinum nemenda á unglingastigi og telur það í mótsögn við drög menntamálaráðuneytis að menntastefnu til ársins 2030“.

## Fagráð framhaldsskóla

Í fagráði framhaldsskóla eru Fríður Reynisdóttir, Kristín Birna Jónasdóttir og Helga Valtýsdóttir (fyrir hönd stjórnar).



Þann 14. október stóð fagráðið fyrir spjallfundi á Zoom. Þetta var opinn fundur þar sem aðallega var rætt um vinnulag og aðstæður á tímum heimsfaraldurs vegna COVID-19.

Til stóð að halda fyrirlestur um sálræn áföll í apríl en því miður varð að fresta honum. Vonandi verður hægt að tímasetja hann á ný sem fyrst. Bóas Valdórsson, sálfræðingur í MH mun halda fyrirlesturinn. SEF veitir styrk fyrir þessum viðburði.

Fagráð framhaldsskólanna fékk SEF styrk til að halda sumarnámskeið fyrir félagsmenn. Í byrjun júní verður námskeið sem ber yfirskriftina *Að auka vellíðan í lífi og starfi* en markmiðið er að auka þekkingu náms- og starfsráðgjafa á hagnýtum aðferðum um hvernig hægt sé að auka vellíðan og styrkja ráðþega í að skapa sér umhverfi þar sem hæfileikar þeirra ná að blómstra.

Guðjón Hreinn Hauksson, formaður Félags framhaldsskólakennara var í sambandi við Fríði og Kristínu Birnu til að fara yfir stöðuna hjá náms- og starfsráðgjöfum nú í breyttu vinnuumhverfi vegna COVID-19. Í framhaldi voru þær boðaðar á fund með Lilju Dögg Alfreðsdóttur menntamálaráðherra, formanni FF og fleira fólki úr mennta- og menningarmálaráðuneytinu í lok nóvember 2020 til að ræða stöðu nemenda í framhaldsskólum og mikilvægan þátt náms- og starfsráðgjafa. Fram kom að allir eru að vinna hörðum höndum við breyttar aðstæður. Í framhaldinu sendu Fríður og Kristín Birna út fyrirspurn til félagsmanna þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvað félagsmenn teldu æskilegt að gera til að bregðast við auknu álagi á tímum COVID-19 og því aukna álagi sem er á stoðþjónustu skólanna.

## Fagráð háskóla

Ekki voru neinir skipulagðir samráðsfundir haldnir á háskólastiginu. Ráðgjafar notuðu hins vegar Teams sem vettvang til að bera saman bækur ef þörf var á. Dæmi um samráð og umræður voru prófafyrirkomulag í heimsfaraldri og verkefni vinnumálastofnunar „Nám er tækifæri“ sem felst í því að veita þeim sem hafa verið atvinnulausir í að minnsta kosti sex mánuði tækifæri á að skrá sig í nám og halda bótum í eitt misseri.

## Fagráð atvinnulífs

Ekki voru neinir skipulagðir samráðsfundir haldnir á tímabilinu. Ráðgjafar notuðu lokaðan facebook hóp náms- og starfsráðgjafa í atvinnulífinu til að ráðfæra sig við hvern annan.





## 6. Greinargerðir kjaranenda

### Kjaranefnd Grunnskóla

Kjaranefnd grunnskóla tók til starfa í september 2020. Nefndina skipa Hildur Björg Vilhjálmssdóttir, Hildur Ingólfssdóttir og Sigrún García Thorarensen.

Í september stóðu yfir kjarasamningsviðræður félags grunnskólakennara við samband íslenskra sveitafélaga. Kjaranefnd náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum setti sig í samband við formann félags grunnskólakennara Þorgerði Laufeyju Diðriksdóttur og óskaði eftir aðild að viðræðunum. Nefndin átti tvo fundi með Þorgerði þar sem hún fór yfir stöðu viðræðna og gerð var tilraun til að koma sjónarmiðum náms- og starfsráðgjafa á framfæri. Á þessum tímamarki voru samningaviðræður á lokastigi og Þorgerður taldi útilokað að koma að breytingum í viðræðurnar. Stuttu síðar var samþykktur samningur sem gildir út árið 2021.

Hér eru þau atriði sem kjaranefnd grunnskóla telur að þurfi að leggja áherslu á:

- Að kjaranefnd grunnskóla eigi fulltrúa í samninganefnd félags grunnskólakennara
- Að almennt verði óskað eftir áherslum náms- og starfsráðgjafa sem starfa í grunnskólum fyrir kjarasamningsviðræður
- Að kafli í kjarasamningum sem á við vinnuframlag náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum þurfi að vera endurgerður og betur skilgreindur
- Að náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum móti sér stefnu í kjaramálum og standi saman um mikilvæga kjarasamningsþætti
- Að allar kjaranefndir FNS þurfi að leggja áherslu á að starfsreynsla annarra starfsvettvanga sé metin til launa. Hjá FG er 5 ára starfsreynsla í grunnskólum metin til tveggja launaflokka, 10 ára reynsla til 4 launaflokka og 15 ára reynsla til 6 launaflokka. Ekki er metin reynsla af öðrum skólastigum eða starfsvettvöngum.

#### Lærdómur:

Í núverandi og fyrri kjarasamningum eru náms- og starfsráðgjafar flokkaðir í náms- og starfsráðgjafa 1 og náms- og starfsráðgjafa 2. Munurinn felst í því hversu hátt hlutfall starfsins er náms- og starfsráðgjöf og hversu hátt hlutfall starfsins eru önnur störf. Algengur misskilningur er að náms- og starfsráðgjafi 1 séu þeir ráðgjafar sem eru í minna en 50% starfi en hið rétta er að ef meirihluti starfsins er náms- og starfsráðgjöf fellur viðkomandi undir náms- og starfsráðgjafa 2.



Dæmi 1: Aðili er í 80% starfi sem skiptist þannig að 45% er náms- og starfsráðgjöf og 35% er kennsla. Meira en 50% starfsins er náms- og starfsráðgjöf og flokkast viðkomandi sem náms- og starfsráðgjafi 2.

Dæmi 2: Aðili er í 40% starfi sem náms- og starfsráðgjafi. 100% starfsins er náms- og starfsráðgjöf og flokkast viðkomandi því sem náms- og starfsráðgjafi 2.

## Kjaranefnd framhaldsskóla

Fulltrúar í kjaranefnd framhaldsskóla eru þær Ásdís Birgisdóttir frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og Kristín Birna Jónasdóttir frá Borgarholtsskóla.

Lengst af árið 2020 voru kjarasamningaviðræður KÍ við ríkið í hnút. Fulltrúar í kjaranefnd tóku þátt í Teams fundum sem skipulagðir voru af formanni Félags framhaldsskólakennara (FF). Fulltrúar í kjaranefnd sendu út fyrirspurn til náms- og starfsráðgjafa á Facebook til að kanna áherslur og óskir náms- og starfsráðgjafa. Rýnt var í niðurstöður og þær sendar á formann FF.

Helstu áherslumál voru:

- Að launaþróun sé stígandi og fylgi annarri launaþróun í viðmiðunarhópum.
- Stytting vinnuvikunnar. Vinnudagur náms- og starfsráðgjafa er að öllu jöfnu frá 8:00-16:00. Aðrir hópar hafa þegar byrjað styttingu eða eru að fá styttingu um áramótin. Kennarar hafa vinnumatið.
- Hópráðgjöf/kennsla/fyrirlestrar. Skoða og skilgreina betur fyrirkomulag með undirbúning og greiðslur þess vegna. Oftast eru náms- og starfsráðgjafar að vinna með kennurum sem fá þá sérstaklega greitt fyrir sitt framlag.
- Viðmiðið fyrir nemendafjölda á námsráðgjafa er 300. Álag er mikið vegna of margra nemenda á námsráðgjafa og þessum viðmiðum er ekki fylgt nægilega vel eftir.

Í kjölfarið var ljóst að áherslan yrði á styttingu vinnuvikunnar af hendi KÍ í komandi kjaraviðræðum við ríkið. Eftir fund með formanni FF var ákveðið að fulltrúar kjaranefndar framhaldsskóla og félag stjórnenda (FS) gætu átt sameiginlega hagsmuni varðandi styttingu vinnuvikunnar út frá vinnutíma óháð verkefnum og vinnuskyldu. Ákveðið var að fylgjast að og funda saman.

Samningar KÍ við ríkið voru samþykktir í apríl. Í samningnum er bókun 5 sem á við náms- og starfsráðgjafa og kveður á um að vinnuhópur komi saman um útfærslu vinnutíma í takt við verkefnið „Betri vinnutími“. Markmiðið er að skoða hvernig vinnuframlagið raungerist þegar litið



er á ársvinnutíma í núverandi fyrirkomulagi í samanbuði við aðrar stéttir, fyrir utan kennara. Stefnt er að því að þessari vinnu ljúki fyrir 1. október 2021 og stefnt að innleiðingu betri vinnutíma 1. janúar 2022.

Í samningnum var einnig samþykkt að tekin verði upp tvískipt yfirvinna sem gengur út á að yfirvinna 1 er frá 36-40 stundum og yfirvinna 2 er frá 40+ vinnustundum. Greitt er lægra gjald fyrir yfirvinnu 1 en yfirvinnu 2.

Fundur vinnuhóps um bókun 5 hefur fundað einu sinni og er að vænta leiðbeininga frá vinnuhópnum í maí 2021.

## 6. Greinargerð siðanefndar

Siðanefnd skipa: Hildur Ingólfssdóttir, Hrönn Grímsdóttir, Klara Guðbrandsdóttir og Lýdía Sigurðardóttir.

Á aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa (FNS) árið 2007 voru nýjar siðareglur kynntar og þar sagt að siðareglum FNS sé ætlað að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi. Tilgangur þeirra er að vísa náms- og starfsráðgjöfum leið í starfi, veita almenningi upplýsingar um vinnubrögð og fagmennsku náms- og starfsráðgjafa og vera undirstaða sjálfsmats innan faghópsins.

Samkvæmt 12. grein laga FNS skal siðanefnd jafnan starfrækt í félaginu. Hlutverk hennar er að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafar. Á þeim fjórtán árum sem hafa liðið frá því að siðareglur FNS voru samþykktar hefur starfsvettvangur fagstéttarinnar breyst og fjölgað hefur í stéttinni. Einnig hafa viðfangsefni og þær áskoranir sem einstaklingar mæta tekið á sig breytta mynd í takt við örar tæknibreytingar, síbreytilegan vinnumarkað og breytingar í samskiptum og samfélagsmynstri.

Siðanefnd FNS hefur unnið að nýjum siðareglum síðastliðin tvö misseri og þær eru nú tilbúnar. Það verður kosið um hvort þær verða samþykktar eða þeim hafnað á aðalfundi FNS 12. maí 2021.

Siðanefnd FNS 2020-2021 tók við af Siðanefnd FNS 2019-2020 við endurskoðun siðareglna. Ný lög um persónuvernd tóku gildi hinn 15. júlí 2018 og skoðað var á hvaða hátt nýju persónuverndarlögin (lög nr. 90/2018) geti og hafi áhrif á störf náms- og starfsráðgjafa í vinnu með ráðþegum, meðhöndlun og geymslu trúnaðargagna og hvaða verklag er almennt í gildi við



meðhöndlun slíkra gagna.

Skoðaðar voru siðareglur annarra innlendra og erlendra félaga og samtaka sem hafa endurskoðað siðareglur sínar og horft til nýrra áskorana og tækifæra í ráðgjöf að teknu tilliti til upplýsinga- og samskiptatækni og nýrra samskiptaleiða. Meðal annars var horft til *National Career Development Association (NCDA)* í Bandaríkjunum sem endurskoðuðu siðareglur sínar árið 2015 og eru með sérstakan kafla sem fjallar um notkun upplýsingatækni og rafrænna miðla í ráðgjöf (<https://ncda.org/aws/NCDA/pt/sp/guidelines>). Skoðuð voru siðaviðmið (e. Ethical standards) hjá International Association for Educational and Vocational Guidance (IAEVG) (<http://iaevg.net/iaevg.org/IAEVG/nave1ba.html>). Ásamt því að yfirfara siðareglurnar var bætt við kafla um stafræna náms- og starfsráðgjöf.

Á degi náms- og starfsráðgjafa 30. okt. 2020 voru nýjar siðareglur FNS kynntar fyrir félagsmönnum FNS og sama dag voru þær sendar til félagsmanna til yfirlestrar og fengu þeir tvær vikur til að koma með athugasemdir. Alls bárust athugasemdir frá 7 félagsmönnum FNS. Siðanefnd fór yfir athugasemdirnar og tók tillit til þess sem við átti. Að lokum voru siðareglur FNS sendar til stjórnar FNS til yfirlestrar.

Siðanefnd FNS 2020-2021 hittist 14 sinnum á starfsárinu og voru fundir að meðaltali um klukkustund. Meðlimir siðanefndar unnu verkefni á milli funda sem nefndin setti fyrir.

Siðanefnd FNS leggur til að Siðanefnd FNS 2021-2022 geri verklagsreglur/starfsreglur varðandi vinnubrögð ef nefndin þarf að fjalla um möguleg brot á siðareglum eða önnur ytri málefni. Mögulega þarf að fá aðstoð frá Siðfræðistofnun við vinnslu þessara reglna við að skilgreina hvaða brot eru ámælisverð, alvarleg eða mjög alvarleg. Í 24. gr. siðareglna segir:

*Telji siðanefnd að um brot á siðareglum sé að ræða skal hún kveða skýrt á um það í rökstuddum úrskurði hvort brotið er ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Telji siðanefnd að um ámælisvert brot sé að ræða skal hún veita viðkomandi náms- og starfsráðgjafa áminningu og tilkynna tilvikið til stjórnar. Álíti siðanefnd að brotið hafi verið alvarlega eða mjög alvarlega gegn siðareglum þessum vísar hún málinu beint til stjórnar félagsins, ásamt úrskurði sínum.*

Siðanefnd FNS vill vísa því til stjórnar FNS 2021-2022 að skoða og meta hvort það þurfi að vera oddatala í siðanefnd ef til atkvæðagreiðslu kemur. Í 12. grein laga FNS segir að í siðanefnd skuli vera fjórir fulltrúar. Einnig leggur siðanefnd til að stjórnin geri verklagsreglur vegna mála sem siðanefndin vísar til stjórnar. M.a. þarf að taka afstöðu til þess hvort það ætti að vera til skrá um



aðila máls sem vísað er úr félaginu? Hvernig yrði sú skrá varðveitt? Hver hefur aðgang að slíkri skrá? Ef aðila máls er ekki vísað úr félaginu ætti félagið þá að styðja við og styrkja hann? Hvernig væri hægt að útfæra það? En í 24. gr. siðareglna segir:

*Stjórn félagsins ákveður í framhaldi af því hvort ástæða sé til að vísa viðkomandi úr félaginu. Í öllum tilvikum skulu málsaðilum kynntar niðurstöður siðanefndar.*

## 7. Norrænt samstarf

Fulltrúar í Norrænu samstarfi eru: Greta Jessen og Margrét Björk Arnardóttir.

NFSY eða Nordiska förbundet för studie- och yrkesvägledning eru regnhlífasamtök allra samtaka náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndunum. Með aðild að NFSY eiga landssamtök Norðurlandanna greiðan aðgang að alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa, IAEVG eða International Association for Educational and Vocational Guidance.

Ísland hefur gegnt formennsku í samtökunum frá apríl 2017 og var Margrét Björk Arnardóttir formaður og Elísabet Pétursdóttir gjaldkeri. Vegna aðstæðna var aðalfundur NFSY 2019 haldinn á Teams þann 3. október 2020, en sá fundur átti að vera haldinn í apríl. Á fundinum urðu stjórnarskipti og tóku fulltrúar Svíþjóðar við formennsku NFSY og gegna því hlutverki næstu þrjú árin. Auk aðalfundarstarfa sagði hver fulltrúi stuttlega frá þeim málum sem efst eru á baugi í þeirra landi. Skýrslur hvers lands má finna á heimasíðu NFSY [www.nfsy.org](http://www.nfsy.org).

Aðalfundur NFSY fyrir árið 2020 var haldinn í lok apríl og var það fyrsti fundur sem var stýrt af fulltrúum Svíþjóðar og var hann einnig haldinn rafrænn.

Venjan er að haldnir eru tveir fundir á ári; stjórnarfundur og almennur fundur. Vegna COVID-19 hafa aðeins verið haldnir tveir stjórnarfundir. Vonandi verður hægt að hittast í raunheimum á næsta fundi sem haldinn verður í nóvember.

Eitt af markmiðum NFSY er að efla tengslanet félagsmanna á Norðurlöndunum og hefur það m.a. verið gert með því að hvetja félagsmenn til að setja sig í samband við einhvern úr stjórn NFSY ef óskað er eftir einhvers konar tengslum, samvinnu eða samskiptum á milli landa. Einhverjir félagsmenn hafa nýtt sér þetta net og væri ánægjulegt ef fleiri gerðu slíkt hið sama. Það er einfaldlega hægt að senda tölvupóst á stjórnarmenn NFSY og óska eftir aðstoð við að mynda tengsl. Netföng allra stjórnarmanna koma fram á heimasíðu samtakanna [www.nfsy.org](http://www.nfsy.org).



## 8. Upplýsinga- og kynningarnefnd

Fyrir dag náms- og starfsráðgjafa tók nefndin þá ákvörðun í samráði við stjórn að dreifa kynningarefni til félagsmanna í FNS þeim að kostnaðarlausu. Nefndin lét útbúa andlitsgrímur, prenta veggspjöld, minnismiða, bæklinga, gera hálsbönd og annað kynningarefni. Félagsmenn sendu inn pantanir sem voru sendar út á landsbyggðina og/eða afhentar í Reykjavík.

Upplýsinga- og kynningarnefnd kom einnig að Degi náms- og starfsráðgjafa með því að fylgjast með á samfélagsmiðlum á meðan útsendingu frá deginum stóð. Efnið frá deginum er aðgengilegt á heimasíðu félagsins, sjá [HÉR](#)

## 9. Félagatal og félagsaðild

Samkvæmt lögum félagsins geta þeir verið félagsmenn sem hafa hlotið löggildingu á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi. Einnig segir að ef félagsgjöld eru ekki greidd falli viðkomandi út af félagaskrá.

Þar sem FNS er aðildarfélag að KÍ og á þar rétt á ýmiskonar þjónustu var ákveðið að færa félagatalið í umsýslu hjá KÍ. Þetta var m.a. gert vegna þess að þegar sótt er um styrki til KÍ þarf að fylgja umsókn fjöldi félagsmanna innan KÍ. Erfitt hefur reynst að uppfæra félagatal með réttum starfsvettvangi félagsmanna, en hjá KÍ eru kennitölur í FNS keyrðar saman með kennitölum í KÍ og þannig fæst rétt tala FNS félaga innan KÍ.

Á líðandi starfsári voru 21 félagsmenn nýskráðir á félagatal. 258 greiddu félagsgjöld og teljast þá félagsmenn. Á stjórnarfundi 24. september 2019 var ákveðið að einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöldin séu á póstlistanum.

Við ítrekum að á aðalfundi 2015 var samþykkt með lagabreytingu að framvegis yrðu einungis teknir inn nýir félagsmenn sem skiluðu inn leyfisbréfi undirrituðu af mennta- og menningarmálaráðherra í viðhengi með aðildarumsókn. Var þetta gert til að einfalda inntökuferlið og til að auka áreiðanleika félagatalsins þar sem tryggt væri að staðið yrði vörð um löggildingu starfsheitisins. Stjórn FNS hefur birt á heimasíðu FNS yfirlit yfir þá félagsmenn sem eru með leyfisbréf til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Enn eru einhverjir félagar sem ekki hafa sótt um leyfisbréf og eru þeir hvattir til að gera það. Haldið er utan um félagatalið á lokuðu svæði, umsjónarmaður félagatals sér um að uppfæra upplýsingar á póstlista. Mikilvægt er að félagatal og póstlisti séu samræmd og að upplýsingar um félagsmenn séu réttar. Ekki er unnt að halda utan um starfsstöð félagsmanna.



## 10. Fjárreiður og félagsgjöld

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2020 er byggður á bókhaldi þess. Tekjur af félagsgjöldum voru kr. 1.299.500 og voru kr. 94.246 hærrí en í fyrra. Styrkir námu kr. 730.000. Tap var af rekstri félagsins upp á kr. 402.306. Ræður þar að mestu að Dagur náms- og starfsráðgjafa gaf engar tekjur. Félagið skilaði af sér reikningum NFSY til hinna norrænu samtaka. Sjá nánar í sérriiti um ársreikning félagsins.

## 11. Önnur verkefni

Stjórn FNS hefur jafnframt komið að verkefnum í samstarfi við ýmsa aðila. Hér má t.d. nefna:

1. Þátttöku í matsnefnd náms- og starfsráðgjafa.
2. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafa. Evrópumíðstöðin hefur lengi stutt við bakið á félaginu og kunnum við því bestur þakkir fyrir. Þetta árið styrkti Evrópumíðstöðin Dag náms- og starfsráðgjafa.
3. Formaður er landsfulltrúi (National Correspondent) hjá IAEVG

## 12. Lokaorð

Starfsemi stjórnar FNS miðar að því að uppfylla bæði hlutverk og tilgang félagsins og sinnir til þess bæði hefðbundnum verkefnum og tilfallandi eins og fram hefur komið í þessari skýrslu. Síðasta starfsár var um margt frábrugðið öðrum þar sem starfsemi félagsins varð svo til alveg rafræn. Öll samskipti, allir viðburðir, allir fundir og annað starf átti sér stað á netinu. Það eru líklega allir sammála nauðsyn þess að hittast, efla félagsandann, kynnast nýju fólki og eiga samskipti augliti til auglitis. En það eru engu að síður bjartar hliðar á því að hafa þurft að færa starfsemina á netið. Þá helst að fólk sem á erfitt með að taka þátt, hvort sem er vegna búsetu eða annarra orsaka, fær tækifæri til að vera með. Við höfum svo sannarlega orðið vör við að það vantar ekki áhugann t.d. hjá landsbyggðarfólki að taka þátt í starfseminni sem sést á því að aldrei hefur þátttaka á Degi náms- og starfsráðgjafa verið meiri. Nú blasir því við það verkefni að sameina gamla og nýja tímenn, að starfa samtímis staðbundið og rafrænt.

Það er stór áfangi að endurskoðun siðareglna félagsins sé lokið og þær bornar upp til samþykktar á aðalfundi 2021. Siðareglur eru kjölfesta í starfi náms- og starfsráðgjafa og ákaflega mikilvægt að þær séu í takt við tímenn. Siðanefnd félagsins hefur unnið frábæra vinnu enda þar á ferð samhentur hópur sem vann verkið af samvissusemi og gleði.



Sú sem þessi lokaorð skrifar hefur haft einna mestan áhuga á stefnumótun í faginu og hefur áherslan síðustu misseri mikið verið á þátttöku í mótun menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030, en hún var samþykkt á Alþingi á dögunum. Stefnumótun er eitthvað sem aldrei tekur enda og í raun hefur hún snertifleti við allt hjá félaginu. Margt skiptir mál s.s. kjarasamningar þar sem höndlað er með vinnutíma, siðarelgur hafa augljósa tengingu þar sem nú er kominn inn kafli um rafræna ráðgjöf, fagraðin boða samráðsfundi þar sem upplýsingar um stöðu mála verða ljósar og svo mætti lengi telja. Áherslur í framhaldinu gætu verið að þrýsta á að náms- og starfsfræðsla verði námsgrein með námskrá og á viðmiðunarstundaskrá, að ákvæðum í lögum og reglugerðum varðandi náms- og starfsráðgjöf verði fylgt til fullnustu, að þjónusta náms- og starfsráðgjafa verði gerð aðgengileg fyrir alla og skýr rammi settur um starfið í formi starfslýsinga, ráðgjafaráætlana og reglugerða. Allt þetta fellur undir hugtakið stefnumótun.

Að lokum langar mig að þakka félagsmönnum fyrir samstarfið og samfylgdina þau fimm ár sem ég hef setið í stjórninni, þar af formaður í þrjú. Það sem þessi ár hafa sýnt mér er að dropinn holar steininn þegar kemur að málum sem við viljum sinna og setja á dagskrá. Það er ekki raunhæft að framkvæma allar hugmyndir, stundum getur verið betra að gera fátt vel en mikið illa. Þessi ár hafa verið lærdómsrík og á stundum krefjandi, en alltaf skemmtileg. Takk fyrir mig.

Reykjavík, 12. maí 2021

f.h. stjórnar FNS

Helga Tryggvadóttir, formaður